

Þriðjudaginn 20. nóvember 1984.

Nr. 213/1984. **Reykjavíkurborg**

gegn

**Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar**Kærumál. Félagsdómur. Kröfu um frávísun máls hafnað.
Sératkvæði í héraði.**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 26. október 1984, sem barst Hæstarétti 30. s.m., hefur sóknaraðili með heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938, sbr. VII. kafla laga nr. 29/1976, kært til Hæstaréttar úrskurð Félagsdóms 22. október sl., þar sem hafnað er frávísunarkröfu í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili krefst frávísunar máls þessa frá Félagsdómi og kærumálskostnaðar frá varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Félagsdóms 22. október 1984.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ.m. um framkomna frávísunarkröfu, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 5. október 1984, og var málið þingfest sama dag.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Stefndi er borgarstjórnin í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, „að Félagsdómur dæmi, að sú ákvörðun stefnda að greiða þann 1. október 1984 einungis laun fyrir tímabilið 1.-3. október 1984 til þeirra starfsmanna sinna, sem starfað hafa a.m.k. eitt ár samfellt hjá stefnda og hafa skriflega á þar til gerð eyðublöð óskað eftir fyrirframgreiðslu fastra launa, enda sé viðkomandi starfsmaður í a.m.k. 50% starfi, sé ólögmet og brjóti í bága við sérkjarasamning aðilja frá 3. maí 1984 og reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.“

Þá er krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati Félagsdóms.

Stefndi hefur í greinargerð, sem er dagsett 10. þ.m., gert þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Félagsdómi en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Munnlegur málflutningur fór fram 12. þ.m. um frávisunarkröfu stefnda.

Í þessum þætti málsins er þess krafist af hálfu stefnda, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Af hálfu stefnanda er þess krafist í þessum þætti málsins, að frávisunarkröfunni verði hrundið og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað.

I.

Málavextir eru þeir, að þann 4. september 1984 boðaði stefnandi verkfall hjá stefna frá og með 19. september 1984. Með ákvörðun sáttanefndar var verkfallinu frestað til 4. október 1984. Verkfallið hófst síðastgreindan dag.

Eftir að verkfallsboðunin hafði borist stefnda, urðu umræður í borgarstjórn um það, hvort borgarsjóði væri skylt að greiða laun fyrirfram þann 1. október fyrir allan októbermánuð. Af því tilefni ritaði starfsmannafélagið borgarráði bréf, dagsett 24. september 1984, þar sem það skýrði sjónarmið sín og hvatti til þess, að borgarráð tæki af öll tvímæli um, að borgarstarfsmenn fengju laun sín greidd fyrirfram á hefðbundinn hátt.

Borgarráð tók síðan þá ákvörðun f.h. Reykjavíkurborgar, að einungis skyldu greidd út laun fyrir þrjá fyrstu daga októbermánaðar til þeirra starfsmanna borgarinnar, sem nytu fyrirframgreiðslu launa. Þó voru undanskildir þessari ákvörðun þeir starfsmenn, sem borgaryfirvöld töldu fyrirsjáanlegt, að yrðu úrskurðaðir til vinnu af kjaradeilunefnd samkvæmt ákvæðum 26. gr. reglugerðar nr. 236/1976, ef til veffalls kæmi.

Við útborgun launa þann 1. október var ofangreind ákvörðun borgarráðs lögð til grundvallar launagreiðslum.

Stefnandi hefur ekki viljað una þessu og hefur því höfðað mál þetta.

II.

Í september 1977 boðaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar til verkfalls hjá borginni og kom það til framkvæmda 11. október s.á. Þrátt fyrir verkfallsboðunina greiddi borgin föstum starfsmönnum sínum laun fyrirfram fyrir allan októbermánuð. Þau laun, sem greidd voru fyrir þá daga, sem verkfallið stóð voru síðan dregin af launum viðkomandi starfsmanna við næstu útborgun, eftir að verkfallinu lauk. Ýmsum borgarstjórnarmönnum mun hafa þótt þetta fyrirkomulag óeðlilegt, og borgarráð samþykkti þann 25. apríl 1978 breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hin nýja samþykkt hafði m.a. að geyma eftirfarandi ákvæði:

„1. Að hætta fastráðningum.

...

3. Að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem nú fá laun þannig greidd.“

Áður höfðu fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurborgar fengið föst laun sín greidd fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar, en fastráðningu hlutu starfsmenn samkvæmt umsókn eftir tiltekinn starfstíma hjá borginni.

Þann 28. mars 1984 var lögð fram af hálfu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skrifleg kröfugerð til stefnda vegna nýs sérkjarasamnings. Fyrsti tölulíður í kröfugerðinni var: „Fyrirframgreiðsla launa.“

Sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985 var undirritaður 3. maí 1944 af hálfu Reykjavíkurborgar var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Jafnframt voru gefnar út tvær yfirlýsingar. Önnur þeirra hljóðar svo:

„Borgarráð mun í framhaldi af endanlegri staðfestingu samnings þessa gera þær breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, að 3. liður samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 falli niður og þess í stað bætist við nýr liður sem hljóðar svo:

Starfsmaður sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár samfellt hjá Reykjavíkurborg á rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar enda óski hann skriflega á þar til gerðu eyðublaði eftir þeirri tilhögun launagreiðslna og sé ráðinn í a.m.k. 50% af fullu starfi. Ósk starfsmanns um fyrirframgreiðslu í stað greiðslu eftir á skal hafa borist a.m.k. einum mánuði áður en hún kemur til framkvæmda.

Breyting þessi kemur fyrst til framkvæmda 1. september 1984.“

Ofangreind yfirlýsing er dagsett 3. maí 1984 og undirrituð af forseta borgarstjórnar og formanni starfsmannafélagsins.

Þann 9. maí 1984 ritaði borgarstjóri starfsmannafélaginu svofellt bréf: „Á fundi borgarráðs í gær var lagður fram sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar ásamt yfirlýsingu, dags. 3. þ.m.

Borgarráð samþykkti samninginn.

Jafnframt var lagt fram bréf starfsmannastjóra frá 6. þ.m. varðandi breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, sbr. 3. lið samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 varðandi fyrirframgreiðslu launa, sem fylgir í ljósriti.

Borgarráð samþykkti framangreinda breytingu.“

III.

Frávísunarkrafan er af hálfu stefnda studd eftirgreindnum rökum:

1. Eigi verði á það fallist með stefnanda, að ágreiningsefni máls þessa eigi undir úrskurðarvald Félagsdóms samkvæmt ákvæðum VII. kafla reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þar sé ekki að finna viðhlítandi grundvöll fyrir málsmeðferðinni fyrir dóminum. Í 42. gr. reglugerðarinnar sé sagt, að hún sé sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í 41. gr. nefndra laga sé hins vegar aðeins sagt, að starfsmenn borgar-, bæjar- og sveitarstjórna svo og sýslufélaga hafi samningsrétt samkvæmt ákvæðum laganna. Fráleitt sé að telja, að ákvörðun 34. gr. reglugerðarinnar um sérstaka dómsmeðferð í málum falli undir hugtakið samningsréttur. Af þessu sé ljóst, að ákvæði VII. kafla reglugerðarinnar skorti lagastöð. Hitt sé einnig ljóst, að sérstök heimild þurfi að vera í settum lögum, ef víkja eigi dómsmálum til hinar sérstöku meðferðar fyrir Félagsdómi. Og þar sem slík heimild sé hvergi í lögum, beri að vísa málinu frá Félagsdómi. Í þessu sambandi sé rétt að taka fram, að heimildar til þessarar meðferðar málsins verði ekki leitað í 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, enda verði þau lög ekki talin eiga við um afstöðu sveitarstjórna til starfsmanna sinna.

2. Dómkrafa stefnanda hljóði um, að veittur verði viðurkenningar-dómur um, að tiltekin ákvörðun, sem stefndi tók fyrir nokkru, sé ólög-mæt. Með þessu sé sjálfsagt átt við, að framkvæmd ákvörðunarinnar 1. október 1984 hafi verið ólög-mæt. Dómur um þetta nú hafi aðeins sögulega þýðingu. Þannig sé ljóst, að jafnvel þótt fallist yrði á kröfuna, segi það ekkert um skyldu stefnda á dómsuppsögudeginum. Ef t.d. dómur yrði kveðinn upp 15. október og verkfall stæði þá enn, væri auðvitað engin afstaða tekin til þess með dómsorði, hvort greiða ætti októberlaunin þá. Virðist einsýnt, að slíkt væri óskýlt, þar sem félagsmenn starfsmannafélagsins væru enn í verkfalli og ekki sé ágreiningur um, að í verkfalli eigi þeir ekki rétt á launum. Og alla vega væri óskýlt að greiða fyrir tímabilið 4.-15. október.

Af þessu sé ljóst, að dómsorðið hefði einungis sögulega þýðingu, en enga í lögskiptum aðilja. Dómurinn væri með því að gefa álit um lögfræðilegt efni, þannig að í bága færi við 67. gr. laga nr. 85/1936. Að vísu sé hugsanlegt vegna ákvæðis 34. gr. laga nr. 29/1976 sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976, að Félagsdómur hafi að einhverju leyti rýmri hendur í þessu efni heldur en almennir dómstólar. Hins vegar sé ljóst, að krafa verði að vera um, að dómsorð leysi berlega úr ágreiningi um skilning á kjarasamningi þannig, að gildi hafi í lögskiptum aðilja. Í 69. gr. laga nr. 80/1938 sé vísað til laga um meðferð einkamála í héraði. Verði engan veginn talið, að gerð hafi verið með ákvæði 34. gr. laga nr. 29/1976 svo veigamikilið frávik frá reglu 67. greinar laga nr. 85/1936, að dugi til að veita dóm um kröfu stefnanda. Af þessum sökum beri að vísa málinu frá Félagsdómi.

3. Þá er frávísunarkrafan studd þeim rökum, að stefnandi geti ekki borið undir Félagsdóm dómkröfur um, hvornig skilja beri ákvæði í samþykktum eða reglugerðum, sem kjörin borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett um starfsemi sína. Hér sé um það að ræða, að borgarráð gerði sérstaka samþykkt 25. apríl 1978, sem m.a. hafi falið í sér, að ekki skyldu greidd laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem þá fengu laun þannig greidd. Fyrir þennan tíma hafi fastráðnir starfsmenn borgarinnar fengið mánaðarlaun sín greidd fyrirfram, án þess að nokkurs staðar væru bein ákvæði um það efni í reglugerðinni um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar né kjarasamningi. Samþykkt borgarráðs 25. apríl 1978 hafi auðvitað verið einhliða ákvörðun yfirvalda borgarinnar um þetta efni. Hafi samþykktin hlotið staðfestingu borgarstjórnar með sama hætti og aðrar ákvarðanir borgarráðs. Hafi samþykktin verið prentuð sem viðauki við 6. gr. í reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967. Í borgarráði 8. maí 1984 hafi síðan verið gerð breyting á þeim hluta samþykktarinnar frá 1978, sem varðaði fyrirframgreiðslu launa. Aðdragandi þessarar breytingar hafi verið sá, að samningamenn Reykjavíkurborgar við gerð sérkjarasamnings 3. maí 1984 höfðu gefið yfirlýsingu um, að borgarráð myndi í framhaldi af endanlegri staðfestingu samningsins gera þessar breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Stefnandi sé hér að bera undir Félgsdóm, hver sé réttur skilningur á þessari samþykkt borgarráðs. Þetta geti hann ekki gert. Samþykktin feli í sér einhliða fyrirmæli um, hvornig borgin hagi ákveðnum háttum í starfsemi sinni og styðjist við 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Þessi stjórnvaldsfyrirmæli eigi enginn formlegan þátt í að setja nema stjórnvaldið sjálft, sem fyrirmælin setur. Gildi þá einu, þótt aðdragandinn að gerð samþykktarinnar hafi verið yfirlýsing af hálfu Reykjavíkurborgar í tengslum við gerð kjarasamnings. Nafnritun Haralds Hannessonar, formanns Starfsmanna-

félags Reykjavíkurborgar, undir yfirlýsinguna hafi verið óþörf og ekki átt við og stafað af mistökum. Sé augljóst af efni yfirlýsingarinnar, að hún hafi verið gefin einhliða af fulltrúum Reykjavíkurborgar, enda hafi fulltrúar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar enga aðild getað átt að breytingunni á samþykktinni. Ef t.d. ætti að breyta þessari samþykkt eða öðrum ákvæðum reglugerðarinnar á nýjan leik, myndi það ekki gerast með samningum við stefnanda, heldur formlegri meðferð í borgarráði og borgarstjórn. Hér sé því ekki um að ræða „ágreining um skilning á kjarasamningi“ eins og segi í 34. gr. laga nr. 29/1976 og 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Til að skýra þessi sjónarmið enn frekar skuli bent á, að B.S.R.B. hafi sjálft réttilega tekið þá afstöðu, að ekki tjái að bera undir Félagsdóm ágreining við fjármálaráðherra um skýringu á 20. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, vegna þess að þar sé ekki um að ræða „ágreining um skilning á kjarasamningi“. Þessi afstaða B.S.R.B. væri vitaskuld jafnrétt, þó að aðdragandinn að setningu ákvæðis 20. gr. hefði verið sá, að fjármálaráðherra með meirihluta Alþingis á bak við sig hefði lýst yfir því við kjarasamningsgerð, að hann myndi beita sér fyrir setningu lagaákvæðisins. Slíkur aðdragandi hefði ekki gert ákvæðið að hluta kjarasamnings, sem Félagsdómur ætti að skýra. Hér sé máli formlega eins vaxið. Með yfirlýsingu sinni hafi samningamenn Reykjavíkurborgar meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur á bak við sig ekki gert annað en að lýsa yfir því, að þeir myndu beita sér fyrir breytingu á reglugerðinni í borgarstjórninni. Og Félagsdómur sé á sama hátt vanhæfur til að dæma um efni einhliða settra reglugerða og fyrirmæla Reykjavíkurborgar, þótt þessi hafi verið aðdragandi þeirra. Beri að vísa málinu frá Félagsdómi einnig af þessari ástæðu.

IV.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að reglugerð nr. 236/1976 hafi fulla lagastöð í 41. gr. laga nr. 29/1976. Lagagreininna beri að skýra þannig, að lög nr. 29/1976 skuli ná til starfsmanna borgar-, bæjar- og sveitarstjórna svo og sýslufélaga á sama hátt og löginn nái til starfsmanna í þjónustu ríkisins með þeirri heimild til breytinga, er um geti í greininni. Samkvæmt því hafi VII. kafli reglugerðarinnar einnig stöð í 41. gr. laga nr. 29/1976.

Að því er varðar 67. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að um sé að ræða raunverulegan réttarágreining, sem hafi verulega þýðingu í lögskiptum aðiljanna. Stefndandi hafi lögsmæta hagsmuni af því að fá efnisdóm um dómkröfur sínar, meðal annars vegna hugsanlegra fjárfrafna, sem einstakir félagsmenn kunni að gera á hendur

stefnda síðar. Einnig hafi efnisdómur þýðingu í verkföllum, sem síðar kunni að verða boðað til að óbreyttum lögum.

Af hálfu stefnanda er lögð á það áhersla, að með bréfi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til borgarráðs Reykjavíkur hinn 28. mars 1984 hafi m.a. verið gerð krafa um fyrirframgreiðslu launa í tilefni af fyrirhugaðri gerð sérkjarasamnings félagsins við Reykjavíkurborg. Þessi krafa hafi verið tekin til greina af hálfu samninganefndar Reykjavíkurborgar. Því til staðfestu hafi verið gefin út og undirrituð af fulltrúum beggja aðilja margnefnd yfirlýsing. Yfirlýsingin sé hluti af sérkjarasamningnum á dóm skjali nr. 4, bls. 16, og ekki skipti máli, þótt borgarráð Reykjavíkur hafi síðar breytt reglum sínum um réttindi og skyldur starfsmanna sinna til samræmis við hinn nýja kjarasamning. Þá beri upphaf yfirlýsingarinnar það með sér, að hún sé hluti samningsins. Kjarasamningar þurfi ekki að vera formbundnir. Skipti því ekki máli, þótt hluti samningsins komi undir fyrirögninni yfirlýsing.

Samkvæmt framansögðu beri að hafna kröfu stefnda um frávisun málsins.

V.

Álit dómsins.

Skýra verður 41. gr. laga nr. 29/1976 svo, að um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga og sýslunefnda skuli gilda hliðstæðar reglur og um kjarasamninga starfsmanna ríkisins að öðru leyti en því, að viðurkennd félög starfsmanna sveitarfélaga og sýslunefnda fara með samningsréttinn gagnvart viðsejendum sínum. Í þessari lagagrein er ennfremur mælt fyrir um, að félagsmálaráðherra skuli að höfðu samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja setja um þessi efni nánari ákvæði með reglugerð og megi þar auk þeirra atriða, sem lög nr. 29/1976 taka til, kveða á um samsvarandi efni og um getur í 29. gr. laga nr. 38/1954. Hefur félagsmálaráðherra samkvæmt þessari lagaheimild sett reglugerð nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Verður ekki fallist á það með stefnda, að þau ákvæði þeirrar reglugerðar, sem hér skipta máli, hafi ekki lagastöð. Verður frávisunarkrafa hans því ekki tekin til greina á þeim grundvelli.

Samkvæmt 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976 ber Félagsdómi að dæma um ágeining málsaðilja um skilning á kjarasamningi þeirra. Dómkrafa stefnanda lýtur að því að fá úr því skorið, hvort launagreiðslur stefnda til félagsmanna stefnanda hinn 1. október 1984 hafi verið í samræmi við sérkjarasamning aðiljanna. Það leiðir af hinu sérstaka hlutverki Félagsdóms, að honum ber, ef því er að skipta, að kveða upp viðurkenningardóm um skilning á efni kjarasamnings, sbr. ummæli í dómi Hæstaréttar í LIII.

bindi, bls. 1160. Hér er um að ræða ágreining, sem stefnandi á lögvarða hagsmuni af að fá dómsúrlausn um, enda getur sú úrlausn orðið grundvöllur frekari kröfugerðar félagsmanna stefnanda á hendur stefnda, ef krafa stefnanda í málinu verður tekin til greina. Verður því ekki á það fallist með stefnda, að kröfugerð stefnanda feli einungis í sér beiðni um lögfræðilega álitserð, sem hann eigi ekki rétt á að bera undir dóminn vegna ákvæða 67. gr. laga nr. 85/1936.

Svo sem áður var rakið, var krafa um fyrirframgreiðslu launa ein þeirra krafna, sem Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar setti fram við borgarráð Reykjavíkur fyrir gerð sérkjarasamnings aðiljanna. Um þessa kröfu náðist samkomulag, sem tekið er orðrétt upp í kafla II. hér að framan. Er hér um að ræða kjaratriði, sem aðiljarnir höfðu fullt samningsforræði yfir og voru ekki háðir vilja þriðja aðilja um, að fram gæti náð að ganga. Verður þessari yfirlýsingu því að þessu leyti ekki jafnað til þess, er bókanir fylgja kjarasamningum þess efnis að aðilja muni beita sér fyrir t.d., að tilteknum lagaákvæðum verði breytt. Með því að laun eru almennt ekki greidd fyrirfram nema til komi sérstök ákvæði þar að lútandi í lögum eða kjarasamningi, var og eðlilegt, að samkomulag þess efnis væri tekið upp í sérkjarasamninginn. Þegar þessi atríði eru virt, þykir ljóst, að skýra verður umrædda yfirlýsingu svo, að hún sé hluti þess sérkjarasamnings, sem hún fylgir og lagður er fram í málinu á dskj. 4. Styðst þessi niðurstaða einnig við orðalagið „. . . endanlegri staðfestingu samnings þessa . . .“ í upphafi yfirlýsingarinnar. Getur það engu breytt í þessu sambandi, að til samræmis við þennan lið samningsins hafi verið talið nauðsynlegt að breyta reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, enda eru þær reglur settar einhliða af borgarstjórn Reykjavíkur og teljast ekki til sjálfstæðra réttarheimilda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir ágreiningur í máli þessu varða skilning á kjarasamningi málsaðiljanna, sem stefnandi hefur lögvarða hagsmuni af að fá úr skorið, og telst málsefnið falla innan dómsvalds Félagsdóms. Verður frávisunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málkostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávisunarkröfu stefnda í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna Kristins Bjarnasonar og Gunnlaugs Briem.

Svo sem að framan er rakið, samþykkti borgarráð Reykjavíkur hinn 25.

apríl 1978 að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem þá fengu laun þannig greidd. Var samþykktin prentuð í 3. tlf. viðauka við 6. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967 ásamt áorðnum breytingum.

Hinn 3. maí sl. var undirritaður sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985. Samningurinn var gerður af samningamönnum Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Borgarráð samþykkti síðan samninginn hinn 8. sama mánaðar.

Jafnframt þessu undirritaði Markús Örn Antonsson, forseti borgarstjórnar, yfirlýsingu, þar sem segir, að borgarráð muni í framhaldi af endanlegri staðfestingu samnings þessa gera þær breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, að 3. liður samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 falli niður og þess í stað bætist nýr liður, þar sem segir, að starfsmaður, sem starfað hefur a.m.k. eitt ár samfelldt hjá Reykjavíkurborg, eigi rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar að uppfylltum þeim skilyrðum, sem þar nánar greinir. Þessi breyting á reglugerðinni skuli fyrst koma til framkvæmda 1. september 1984. Borgarráð samþykkti breytinguna hinn 8. maí sl., eða sama dag og sérkjarasamninginn.

Svo sem yfirlýsingin um breytingu á reglugerðinni ber með sér, var hún gerð einhliða af hálfu Reykjavíkurborgar, og skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt Haraldur Hannesson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, hafi ritað nafn sitt undir hana. Yfirlýsingin var gerð í tengslum við sérkjarasamninginn og samþykkt í borgarráði í framhaldi af honum. Var efni hennar ekki sett inn í samninginn, svo sem nærtækt hefði verið, ef ætlunin var, að hún yrði hluti hans.

Framangreind breyting á reglugerðinni var ákvörðun borgarstjórnar og er því stjórnvaldsákvörðun. Er eigi unnt að líta svo á, að hún sé jafnframt kjarasamningur í merkingu 6. gr. laga nr. 80/1938. Eigi verður heldur talið, að yfirlýsing Markúsar Arnar Antonssonar sé kjarasamningur í merkingu nefndrar lagagreinar. Félagsdómur á því ekki úrskurðarvald um ágreining um gildi yfirlýsingarinnar í samskiptum málsaðilja samkvæmt 32. gr. reglugerðar nr. 236/1976, sem hefur lagastoð í 41. og 34. gr. laga nr. 29/1976, en Félagsdómur er sérdómstóll, og ber að skýra ákvæði 32. gr. reglugerðarinnar þröngt.

Með hliðsjón af framansögðu ber að vísa máli þessu frá Félagsdómi, en eigi er, eins og hér stendur á, ástæða til að fjalla frekar um málsástæður fyrir frávisunarkröfum stefnda.

Rétt þykir þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður.

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. nóvember 1984.

Nr. 69/1983. **Þorleifur Helgi Eyjólfsson,**
eigandi Stóra-Botns,
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Jóni Þorkelssyni, Sigríði Þorkelsdóttur,
Helga H. Jónssyni, Jóni Skaftasyni,
Péttri Geirssyni, Pétri M. Jónssyni og
Sturlu Jónssyni, eigendum Litla-Botns
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Landamerkjamála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. mars 1983. Hann krefst þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að landamerki þau, er um er deilt í máli þessu verði ákveðin þannig: Bein lína úr punktinum merktum A og í punktinn merktan B og þaðan bein lína í punktinn merktan C á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings dags. 7. júlí 1981, svo ráði Litla-Botnsá úr því.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Þegar mál þetta var þingfest fyrir landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3. október 1975, voru aðiljar þess varnarmegin